

**41. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps  
haldinn Aðalstræti 63, Patreksfirði, miðvikudaginn 29. október 2014 og hófst  
hann kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Ásgeir Sveinsson (ÁSV) aðalmaður, Magnús Jónsson (MJ) aðalmaður,  
Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) aðalmaður, Indriði Indriðason (II) aðalmaður og  
Ásthildur Sturludóttir (ÁS) bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Indriði Indriðason, formaður stjórnar

**Dagskrá:**

**1. 1410106 - Ársreikningur 2013 - MEÓ**

Lagður fram ársreikningur MEÓ fyrir 2013 til staðfestingar. Staðfestur með  
öllum atkvæðum.

**2. 1410105 - Kröfur Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps á MEÓ**

Lagt fram minnisblað varðandi kröfur Vesturbyggðar og  
Tálknafjarðarhrepps. Samráðsnefnd samþykkir að fella niður kröfur  
gagnvart safninu skv. framlögðu minnisblaði á fundinum.

**3. 1410111 - Eldri kröfur - MEÓ**

Lagt fram minnisblað frá bókara og endurskoðenda sveitarfélaganna um  
eldri kröfur að upphæð kr. 3.551.030 frá árinu 2005-2007. Samráðsnefnd  
samþykkir að fella niður þessar kröfur enda hefur komið í ljós við yfirferð  
reikninga að um bókhaldsvillu er að ræða.

**4. 1407059 - Reglur um vinnulag vegna fjárveitinga Vesturbyggðar og  
Tálknafjarðarhrepps til Minjasafns Egils Ólafssonar að Hnjóti**

Lagt fram minnisblað um reglur um vinnulag vegna fjárveitinga  
Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps til MEÓ. Samráðsnefnd samþykkir  
eftirfarandi reglur:

**Framlög**

Ár hvert eigi síðar en 1. nóvember skal leggja fram drög að fjárhagsáætlun  
minjasafnsins fyrir komandi fjárhagsár sem lögð er fyrir samráðsnefnd  
Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps til umsagnar. Ef ekki eru gerð  
athugasemd við framlag er það samþykkt hjá samráðsnefndinni og vísað til  
afgreiðslu hjá sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps og bæjarstjórn  
Vesturbyggðar.

**Viðbótarframlög:**

Ef til þess kemur að þörf er á aukaframlögum þá skal eins fljótt og auðið er  
leggja fyrir sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga beiðni þar um. Mikilvægt er

að ekki sé greitt til safnsins er samþykkt er fyrir svo ekki myndist krafa á MEÓ í bókum Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

**5. 1410107 - Uppsögn forstöðumanns**

Lagt fram bréf frá Heiðrúnu Evu Konráðsdóttir, safnstjóra MEÓ, um uppsögn á starfi safnstjóra.  
Máli frestað til næsta fundar.

**6. 1410104 - Fjárhagsáætlun 2015**

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun fyrir MEÓ fyrir 2015.  
Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

**7. 1410108 - MEÓ - framtíðarsýn**

Lagt fram minnisblað frá safnstjóra varðandi rekstur safnsins.

**8. 1309111 - Erindisbréf fjallskilanefndar.**

Lögð fram drög að erindisbréfi Fjallskilanefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Samráðsnefnd samþykkir erindisbréfið með þeim breytingum sem fram komu á fundinum.




**9. 1410109 - Þjónustuhópur aldraðra, stefnumótun í málefnum aldraðra.**

Tillaga samráðsnefndar:

Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps leggur til að skipaður þjónustuhópur aldraðra verði fenginn til að meta núverandi rými á Heilbrigðisstofnuninni á Patrekfirði sem hjúkrunardeild er rekin í. Jafnframt er hópnum ætlað að skila inn tillögu til samráðsnefndar um hvaða leiðir hópurinn telur vænlegastar til að bæta núverandi hjúkrunardeild í samræmi við þær kröfur sem embætti landlæknis gerir til hjúkrunarheimila í dag. Hópurinn hafi til hliðsjónar þær tillögur og greinargerð með teikningum sem unnar hafa verið fyrir sveitarfélögin. Með hópnum skal starfa Elsa Reimarsdóttir félagsmálastjóri. Formanni samráðsnefndar er falið að ræða við formann þjónustuhóps aldraðra og svara þeim spurningum sem fram geta komið.

Tillaga samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.17:54 .

41. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps  
29.10.2014